



Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 AKRANES

Garðabær, 13.3.2025

Málsnúmer: 202501-0112

IAS

Efni: Galtarlækur, athafna- og hafnarsvæði. Skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag.

Vísað er í erindi frá Hvalfjarðarsveit, dagsett 30. janúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir athafna- og hafnarsvæði við Galtarlæk.

Skipulagssvæðið tekur til hluta jarðarinnar Galtarlækur L133627, sunnan Þjóðveggar 1. Fram kemur að fyrirhugað er að breyta landbúnaðarlandi í athafnasvæði og hafnarsvæði. Þá er gert ráð fyrir höfn og um 1.000 m löngum hafnarkanti og að á svæðinu verði starfsemi sem hýsi vörugeymslur, léttu iðnaðarstarfsemi, geymslusvæði og ýmiss konar þjónustusvæði, t.d. vegna hafnsækkinnar starfsemi. Skipulagssvæðið er um 80 ha.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Skipulagssvæðið er í nágrenni við svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela (Hvalfjörður) og það er í næsta nágrenni við þrjú svæði á C-hluta náttúruminjaskrár. Það eru Hvalfjarðarströnd (nr. 235), Ósmelur og Hvalfjarðareyri (nr. 138) og Laxárvogur g Laxá í Kjós (nr. 134).

Skipulagssvæðið virðist af loftmyndum og vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar að dæma vera fremur vel gróið og gróðursnauðir melar ekki einkennandi líkt og kemur fram í skipulagslýsingu. Gróður virðist einna helst blanda mólendis, graslendis og votlendis og í minna mæli moslendi og melagróðri. Skjónaholt, sem í vistgerðakorti er blanda moslendis, mólendis og melavistgerða, virðist nokkuð vaxið mólendisgróðri. Votlendi er einkum ofan Hléseyjarveggar og norðan og sunnan Skjónaholts. Það hefur nokkuð verið ræst fram og á vistgerðakorti er það að flokkast sem grasengjavist, snarrótarvist og língresis- og vingulsvist. Þetta gefur til kynna að framræsla hafi þurrkað votlendið og það sé grasgefið. Þessar vistgerðir hafa þó hátt verndargildi. Þá eru fjöruvistgerðir með hátt verndargildi við ströndina

Fremur fáar æðplöntuskráningar eru til frá þessu svæði og eru flestar þeirra algengar tegundir. Gullstör (*Carex viridula*) er skráð á svæðinu, hún er fremur sjaldgæf en einna algengust á Suðvesturlandi og í Þingeyjarsýslum. Engar æðplöntutegundir á valista eru skráðar á svæðinu samkvæmt gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á gróður og vistgerðir, þar með taldar fjöruvistgerðir. Þá má benda á að bæði votlendi og framræst land, bindur kolefni í jarðvegi sem gæti losnað við framkvæmdirnar.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur